

80. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs kl. 17 mánudaginn 19. nóvember 2012 í húsnæði Héraðsskjalasafnsins að Digranesvegi 7.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun
2. Starfsmannamál
3. Skólaheimsóknir og önnur kynningarstarfsemi
4. Önnur mál

Mættir voru Eiríkur Ólafsson, Helgi Jónasson, Pétur Hrafn Sigurðsson, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður og Gunnar Marel Hinriksson fundarritari.

1. Rætt um fjárhagsáætlun næsta árs.
2. Rætt um starfsmannamál. Stjórn Héraðsskjalasafnsins bendir á að þörf er á fjölgun starfsmanna til þess að rækja lögbundið hlutverk safnsins.
3. Félagar í félagi um skjalastjórn og nemendur í skjalavörslu við Háskóla Íslands komu í heimsókn á safnið í október. Á þemadögum Álfhólsskóla var Gunnar Marel með fyrirlestur um sögu Kópavogs fyrir unglingastig skólans og hluti yngri bekkja skólans kom í heimsókn á skjalasafnið. Héraðsskjalasafnið er alltaf opið fyrir heimsóknnum og kynningu á starfsemi þess. Unnið er að gerð rits um frumbyggjabyggð á Kársnesi í samstarfi við Sögufélag Kópavogs.
4. Önnur mál.
 - a) Stjórn óskar eftir því að teknar verði saman upplýsingar um heimsóknir og erindi til Héraðsskjalasafnsins á árunum 2010-2012.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:25.